

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Umhverfisstjórn Reykjavíkurborgar fer með málefni heilbrigðisnefndar Reykjavíkursvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og fer því með málefni hunda og hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar og annast umhverfissvið Reykjavíkurborgar (heilbrigðiseftirlitið) þau mál í umboði ráðsins.

#### 2. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Öllum ákvörðunum sem umhverfissvið tekur á grundvelli samþykktar þessarar má skjóta til úrskurðar umhverfisstjórnar Reykjavíkurborgar.

#### 3. gr.

2. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Leyfi til hundahalds.*

Hundahald er heimilað í Reykjavík að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari.

#### 4. gr.

1. ml. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

#### 5. gr.

1. og 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi þar sem inngangur er sameiginlegur, skal umsókn fylgja skriflegt samþykki þeirra sameigenda, sem hlut eiga að máli.

Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða umferð hundsins um slík rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess.

#### 6. gr.

1. ml. 8. gr. orðist svo:

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda umhverfissviði innan mánaðar frá því að hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili, enda hafi leyfis skv. 6. gr. verið aflað.

#### 7. gr.

1. ml. 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Upplýsingar um hundinn skal skrá hjá umhverfissviði.

## 8. gr.

1. ml. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Hundaeiganda ber að tilkynna umhverfissviði um aðsetursskipti.

## 9. gr.

1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 12. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn greinarinnar:

*Gjöld fyrir leyfi.*

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða gjöld sem renna í borgarsjóð, annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði borgarinnar af hundahaldinu og framkvæmd samþykktar þessarar. Borgarstjórn setur gjaldskrá samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Leyfisgjaldið greiðist við skráningu hunds og eftirlitsgjald síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

Heimilt er að veita þeim hundaeigendum, sem sótt hafa námskeið viðurkennt af umhverfissviði um meðferð hunda allt að helmingi (50%) afslátt af árlegu eftirlitsgjaldi, enda hafi leyfishafi ekki gerst brotlegur við samþykkt þessa.

## 10. gr.

2. mgr. 17. gr. orðist svo:

Umhverfissvið getur einnig veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum tilvikum.

## 11. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Ef hundur telst hættulegur, getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundapjálfa, sem viðurkenndir eru af umhverfissviði, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

## 12. gr.

Fyrirsögn 20. gr. orðist svo:

*Svipting leyfis vegna brota.*

## 13. gr.

Ef hundaeigandi brýtur gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum, sem um dýrahald gilda, getur umhverfissvið afturkallað leyfi til hans og/eða bannað honum að vera með hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar.

## 14. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo: Umhverfissvið getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

## 15. gr.

23. gr. orðist svo:

Þær undanþágur frá banni við hundahaldi, sem veittar hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um áður veittar undanþágur.

16. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 23. apríl 2007.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2007